

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1977

21. febrúar 1977.

209

Nr. 139.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnassýslu
nr. 225 22. okt. 1970.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar að undangenginni opinberri auglýsingu um starfið.

Kjörtímabil hans er hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnassýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. febrúar 1977.

Nr. 140.

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Húsavík.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts, skipulagðs bæjarlands Húsavíkur, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Allt búfjárhald í bæjarlandinu er þó gjaldskyldt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.